

1855.

9. maí.

14. **Opið brjef, sem lögleiðir á Íslandi lög 25. apríl 1850, er tiltaka, að auglýsingar þær, sem áður var boðið, þegar svo stóð á, að birta í Altónaborgar „Mercur“, Hamborgarblöðum og á kaupmannahúsi Hamborgar, skuli ekki frammar eiga sjer stað<sup>1</sup>.**

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vorsktrúa alþingis um að gjöra gildandi á Íslandi lög 25. apríl 1850, er tiltaka, að auglýsingar þær, sem áður var boðið, þegar svo stóð á, að birta í Altónaborgar „Mercur“, Hamborgarblöðum og á kaupmannahúsi Hamborgar, skuli ekki frammar eiga sjer stað, þjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

Þar sem boðið var, áður en opið brjef 21. ágúst 1848 kom út, þegar svo var ástatt, að birta innkallanir í búum, stefnur og aðrar almennar auglýsingar, sem gefnar eru út hjer í ríkinu, í Altónaborgar „Mercur“, eða í einhverju dagblaði Hamborgar, eða á kaupmannahúsi Hamborgar, þá skal nú hætta þessum birtingum, svo að, þegar þess konar auglýsingar eru birtar í Berlingatíðindum, og í blöðum „Adressecontoirsins“ eða dagblöðum stiptisins, skulu þær, þegar hinn lögskipaði frestur er liðinn, vera eins gildar, eins og þó þær einnig hefðu verið auglýstar á einhvern þann hátt, sem fyr var um getið.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

*Oddg. Stephensen.*

9. maí.

15. **Opið brjef, er lögleiðir á Íslandi lög 29. desember 1850 um það, hvornig beita skuli hinum ýmislegu tegundum hegningarvinnu<sup>2</sup>.**

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vorsktrúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 29. desember 1850,

1) sbr. Alþingistiðindi 1853, bls. 1033.

2) Alþingist. 1853, sst.